

Vísindin og tómfræðin

Dr. Guðmundur Finnbogason hefur á þókk skilið fyrir að hafa þýtt — og vitanlega snildarvel — þessi erindi eftir próf. Jessop sem heita „Vísindin og andinn“. Þarna er svo ágætt sýnishorn af því sem jeg kalla tómfræðiskenologi. Aðalgallinn á þessari titi, einsog öðrum sömu tegundum, er sá, að eftir að vjer höfundur hefur lesið það, með þó nokkurri fyrirhófn, og án nokkurrar ánægju, svo talið verði, erum vjer jafn nær. Vjer höfundur ekki færst svo einu nemi, nær hinum þráðskilningi á tilverunni. Aðalundirstaða rits þessa má heita fullkomin vanþekking á undirstöðuatriðum manneðlisins. Enginn skilningur á því hvernig hugsjónir eru tilkomnar. Og það er jafnvel einsog höfundinum sje í nöp við vísindin, og hann vilji a. m. k. að einhverjum leyti, kenna þeim það hryllilega stand sem nú er. En hitt er jettara, að skortur á vísindum vanþekking, eigi þar aðalsökna. Fullkomnari og víðsýnni náttúrufræði er það sem vjer þörnumst mest. Uppgötvun náttúrufræðinganna á skyldleika mannlífsins við annað lífveru á jörðinni, sem próf. Jessop virðist hafa skömm á, er minn mitt svo afarmikils virðyrir skilning og traust á framfararmöguleikum jarðlífsins. Þar er engin þörf neinna yfirnáttúrlegra „hugsjóna“. Hinn afar þýðingarmikli skilningur á hinum íveim stefnum framvísindunnar, er fullkomlega víðadalegs eðlis. Til að skifta um stefnu þarf þekkingar. Nægi er fullkomin síðfræði — eða svo að betra orð sje haft — fernisfræði, verður að byggjast á vísindum. Það er þrautseynt, að engin tómfræði dugur til þess, og engin trú, ekki heldur kristna trúin. Aldrei hefur mannuðlegt hugarfar — er það er aðalatriði — komist á þessa stig, en meðan kristin trú er einvöld, og kirkjan gat látð brenna þá lífandi, sem voru öð reynt til að bregða upp einhverju ljósi skilnings, þá hefur þá vanþekkingar og tómfræði.

Það er afturbaldr — en ekki framfaraandi í þessari „hugsjónaheimspeki“ próf. Jessops — að það hefði verið gaman að hafa annan eins gáfumann og Dr. Guðmundur Finnbogason. Hann tæka það fram, að hann hefði þýtt þessi erindi, sem sýnishorn þeirrar „heimspeki“ sem er dyssexeliktisk, ekki framfarahæf nje miðandi til að skapa frögnfarir, og á engu samtið fyrir höndum hjá mannkyni, sem ennþá er ekki þolaust um að geti komist á leið sanara framfara. En svo hefði verið, mundi jeg hafa talið á það sem vott um, að Dr. Guðmundur mundi vilja verða í tölu þeirra, sem sanna þá Rutherfordis um ljósið fröslandi. Að hann hefir hæfileika til þess, og dagnað, þótt minn sje á elliár, er jeg ekki vafa um. Hann þarf aðeins að losa sig úr viðjum tómfræðinnar og íslenska hugsunna nokkra betur en orðið er.

5. apríl.

Helgi Pjeturss.